# 55. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar
# föstudaginn 8. júní 2012, kl. 08:00.

**Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

---

**<u>Dagskrá</u>:**

1. **Beitarhólf**
2. **Önnur mál**

---

## <u>Afgreiðslur:</u>

1. **Beitarhólf**

*Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar, mætti á fundinn . Ágúst kynnti drög að Reglum um leigulönd. Umræður urðu um reglurnar.*

*Bæjarráð samþykkir eftirfarandi úthlutun beitarhólfa að tillögu tæknideildar:*

*a) Beitarhólf R42 og R52 til Jóns Ragnars og Guðlaugar vegna starfsemi hestaleigu*
*b) Beitarhólf R40 og R49 til Selmu Svavarsdóttur*
*c) Beitarhólf R45 til Gunnars Kristins Ólafssonar*

2. **Önnur mál**

*Hörður Ríkharðsson leggur fram eftirfarandi bókun: „Forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs hafa sem slíkir hafið þátttöku í landspólítík. Af því tilefni vill undirritaður taka fram að það mál sem þeir auglýsa stuðning sinn við hefur ekki verið rætt innan sveitarstjórnar. Þetta framtak þeirra verður að kallast óheppileg nýjung í bæjarmálum."*

*Undirritaður vill þakka sérlega gott samstarf í bæjarráði á umliðnu ári.*
*Hörður Ríkharðsson*

*Undirritaður þakkar Herði Ríkharðssyni mjög gott samstarf í bæjarráði á umliðnu ári.*
*Kári Kárason og Zophonías Ari Lárusson.*

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 10:05*

*Arnar Þór Sævarsson (sign.)*

*Kári Kárason (sign.)*
*Zophonías Ari Lárusson (sign.)*
*Hörður Ríkharðsson(sign.)*